



Læknar og annað starfsfólk við magauppskurð á skurðstofu Landspítala. Friðrik Einarsson að skera upp, Valtýr Bjarnason svæfingarlæknir, sennilega Grétar Ólafsson sem aðstoðarlæknir. Ljósmyndari: Andrés Kolbeinsson, tekin 8. nóvember 1958, birtist með grein eftir Njörð P. Njarðvík í Vikunni. Birt með góðfúslegu leyfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sameiginlegt vísindapíng Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

Hótel Saga og hátíðarsalur Háskóla Íslands 30.-31. mars

Haldið í samvinnu við Félag bráðalækna og félög háls-, nef- og eyrnalækna og kvensjúkdómalækna. Þingið verður veglegt að þessu sinni í tilefni 50 ára afmælis Skurðlæknafélags Íslands.

Þingið hefst á föstudagsmorgni og lýkur eftir hádegi á laugardegi. Að þingi loknu verður hátíðarkvöldverður í Súlnasal Hótel Sögu með skemmtiatriðum og dansi.

Fjöldi erlendra fyrirlesara mun sækja þingið og halda fyrirlestra um ýmis efni sem tengjast skurðlækninum og svæfingum. Einnig verða frjáls erindi. Eftir hádegi á laugardeginum er dagskrá í hátíðarsal Háskóla Íslands. Þar munu ráðherra, rektor HÍ og formaður LÍ flytja stutt ávörp. Síðan verða hátíðarfyrirlestrar.

Nýbreytni á þessu þingi er sameiginleg veggspjaldakynning. Þar munu höfundar kynna formlega veggspjöld sín og svara spurningum. Önnur nýbreytni er að valin verða nokkur af bestu ágrípum unglækna eða læknanema og höfundar þeirra keppa um vegleg verðlaun.

- Ágrip þingsins verða birt í aprílblaði Læknablaðsins.
- Lengd ágripa er 400 orð og þar skal koma fram: a) Inngangur, b) efniviður og aðferðir, c) niðurstöður og d) ályktun. Ágrip skulu send til Gunnhildar Jóhannsdóttur skrifstofustjóra skurðeildar Landspítala og ritara þingsins: gunnhild@landspitali.is
- Veggspjöld eiga að vera 90 x 120 cm á stærð. Erindi verða 7 mínútur að lengd og 3 mínútur í umræður.
- Skilafrestur ágripa er á miðnætti 1. mars 2007

Undirbúningsnefndin

Afmælis- og
hátíðarkvöldverður
í Súlnasal
Hótel Sögu
laugardagskvöldið
31. mars

Í tengslum við þingið verða haldnir aðalfundir SKÍ og SGLÍ.